

Umsögn íbúaráðs Breiðholts dags. 19. ágúst 2021 við drög að lýðræðistefnu Reykjavíkurborgar.

Íbúaráð Breiðholts lýsir yfir ánægju sinni með stefnuþróun sem hafa verið unnin í viðtæku og opnu samráðsferli. Líka ánægjulegt að notast var við rafrænar lausnir í erfiðu árferði við bland við aðrar aðferðir hefur tekist að bjóða upp á dýrmætt samtal um lýðræði og þátttöku í Reykjavík.

Markmiðið með stefnunni er skýrt en ráðinu finnst mikilvægt að auka þátttöku, sýnileika og áhrif íbúa með mun markvissari hætti en verið hefur áður.

Meginmarkmið stefnunnar eru skýr, Hlusta, Rýna, Miðla og Breyta. Mikilvægt er að hringrásin sé dínámísk og breytileg eftir því sem borgin og samfélagið mun þróast áfram. Aðgerðaáætlunin er trúverðug og tímaramminn sem horft er til er það líka en þessi 16 liðir ná að fanga fjölbreyttan aldur íbúa, mismunandi stofnanir borgarinnar, auka gagnsæi, einfalda bæði verklag og sýnileika.

Ráðið er ánægt að byrjað sé snemma að kynna börnum og ungmönnum mikilvægi þátttöku og heilbrigða skoðanaskipta, að rödd allra þurfi að heyrast óháð stétt, stöðu, aldurs, uppruna og trúarbragða. Þess vegna er mikilvægt að leiðir íbúa til koma skoðunum sínum og ábendingum séu einfaldar, notendavænar, vel kynntir innan og utan hverfisins og staða ábendinga/hugmynda sé sýnileg öllum. Ráðinu finnst vefumhverfi sem Hverfið Mitt notast við vera gott og aðgengilegt. Það viðmót mætti þróa áfram, láta það tala við Borgar- og framkvæmdasjónna. Það væri til fyrirmyndar að sjá langtíma fjárfestinga- og viðhaldsáætlanir fimm ár fram í tímann innan hverfanna og þannig fá íbúar vissan fyrirsjáanleika um stöðu verkefna.

Ráðið telur mikilvægt er að fjármagn fylgi aðgerðaáætluninni eftir til að tryggja framgang hennar.

Það verður í senn spennandi og áhugavert að fylgjast hvernig tekst til með þetta mikilvæga verkefni enda mikill samfélagslegur ávinningur að auka lýðræðislega virkni og þátttöku borgaranna.

Fh. Íbúaráðs Breiðholts, Sara Björg Sigurðardóttir, formaður